| | | |
|---|---|---|
| 16. | Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini | — 180 |
| 17. | Flugnema- og svifflugmannsskírteini | — 50 |
| 18. | Einkaflugmannsskírteini | — 90 |
| 19. | Atvinnuflugmannsskírteini, III. fl. | — 140 |
| 20. | Atvinnuflugmannsskírteini, II. fl. | — 260 |
| 21. | Atvinnuflugmannsskírteini, I. fl. | — 440 |
| 22. | Flugtækna-, flugvélstjóra, flugleiðsögumanns-, flugumsjónarmanns- og flugumferðarstjóraskírteini | — 260 |
| 23. | Skírteini til kvikmyndasýninga | |
| | a) staðbundin skírteini | — 50 |
| | b) sveinsskírteini | — 50 |
| | c) meistaraskírteini | — 90 |
| 24. | Naglabyssuskírteini | — 50 |
| 25. | Skírteini fyrir suðumenn | — 50 |

2. gr.

24., 25. og 26. töluliðir 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

| | | |
|---|---|---|
| 24. | Skráning loftfars til atvinnuflugs | kr. 440 |
| 25. | Skráning loftfars til einkaflugs | — 180 |
| 26. | Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.) | — 180 |

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 2.60 kr. af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi frá og með 20. febrúar 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1981.*

**F. h. r.**
**Höskuldur Jónsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 122. 19. febrúar 1981.

# AUGLÝSING

## um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur að því er tekur til hluta úr aðalgatnakerfinu milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1981.*

**F. h. r.**
**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*